



## **Reglur um Þróunarsjóð leik- og grunnskóla í Vestmannaeyjum**

### **1. gr.**

Markmið með Þróunarsjóði leik- og grunnskóla er að stuðla að þróunar- og nýsköpunarstarfi. Um er að ræða hvata til eflingar á skólastarfi í grunnskóla og leikskólum sveitarfélagsins.

### **2. gr.**

Þeir sem geta sótt um styrk til sjóðsins eru kennarar, kennarahópar, fagaðilar við skóla, einn eða fleiri skólar saman og fræðslusvið í samstarfi við skóla.

### **3. gr.**

Auglýst er eftir umsóknum í sjóðinn í febrúar á hverju ári fyrir komandi skólaár. Í auglýsingunni tilgreinir fræðsluráð áhersluþætti sjóðsins fyrir viðkomandi tímabil. Sótt er um í íbúagátt og skulu umsóknir hafa borist fyrir 15. mars og þeim svarað fyrir 30. apríl með bréfi í tölvupósti til umsjónaraðila verkefnis en ábyrgðaraðili fær afrit. Í svarbréfi skal m.a. tiltaka upphæð sem veitt er til verkefnis og áréttá að helmingur styrkuppþæðar greiðist við upphaf verks og helmingur við skil á lokaskýrslu sbr. 5. gr. reglna um Þróunarsjóð leik- og grunnskóla. Hámarksupphæð fyrir hvern styrk er allt að kr. 1.000.000

### **4. gr.**

Hluti af úthlutunarfé er tengt áðurnefndum áhersluþáttum fyrir hvert tímabil. Umsóknir eru metnar af fræðsluráði, framkvæmdastjóra sviðs og fræðslufulltrúa en einnig er hægt að kalla eftir áliti utanaðkomandi fagaðila við afgreiðslu umsókna. Tekið er mið af markmiðum verkefnisins, framkvæmdaráætlun, matsáætlun, kostnaðarmati og væntanlegum árangri og ávinningi þess fyrir leik- og/eða grunnskólastarf í bænum. Tillögur eru samþykktar af fræðsluráði og er um fullnaðarafgreiðslu að ræða sbr. bæjarmálasamþykkt..

### **5. gr.**

Gerður er skriflegur samningur við styrkþega um verkefni sem hlýtur styrk þar sem fram koma; yfirmarkmið verkefnis, ábyrgðarmaður verkefnis, skilgreindir áfangar og tímasetningar, mælanleg markmið, umsjónarmenn verkefnis og áætluð verklok. Einnig er þar tilgreindur styrkur sá sem verkefninu hefur verið úthlutað en helmingur styrks er greiddur við upphaf verkefnis og helmingur við skil lokaskýrslu. Undirskrift samnings fer fram við athöfn á vegum fræðsluráðs.

### **6. gr.**

Styrkþegi skilar skýrslu um verkefnið þegar því er lokið og kynnir niðurstöður fyrir fræðsluráði. Einnig skal styrkþegi kynna verkefnið og niðurstöður þess fyrir starfsmönnum leik- og/eða grunnskóla bæjarins sé þess óskað. Vestmannaeyjabær hefur heimild til að nýta sér efni þróunarverkefna og veita öðrum heimild til notkunar og til opinberrar birtingar á lokaskýrslum. Verkefni sem fá styrk úr Þróunarsjóði geta verið tilnefnd til Hvatningarverðlauna fræðsluráðs.

**7. gr.**

Skólastjóri skal samþykkja umsóknina. Ef fleiri en einn skóli sækja sameiginlega um senda báðir/allir skólastjórar samþykki sitt.

**8. gr.**

Reglur þessar fyrir Þróunarsjóð leik- og grunnskóla í Vestmannaeyjum voru samþykktar á fundi fræðsluráðs 2. febrúar 2022.